

Borgarráð

Vísað er til bréfs skrifstofu borgarstjórnar, dags. 12. október, um yfirlit yfir tillögur og fyrirspurnir í borgarráði 2018-2022 sem lagt var fram á fundi borgarráðs 17. október sl. Þar var farið yfir breytingar á verklagi vegna funda borgarráðs sm teknar voru upp í upphafi síðasta árs. Breytingarnar náðu til undirbúnings, framsetningu gagna, fyrirkomulags fundanna sjálfra, frágangs og eftirvinnslu. Breytingarnar miðuðu að því að auka skilvirkni ráða og nefnda Reykjavíkurborgar með áherslu á bætta tímastjórnun og fundamenningu. Samhliða fjölgun borgarfulltrúa og þ.a.l. fjölgun áheyrnarfulltrúa í borgarráði höfðu fundir lengst töluvert og mála fjöldi stórukist. Samkvæmt yfirliti skrifstofunnar þá mátti gera ráð fyrir að fjölgun nýrra tillagna og fyrirspurna fulltrúa í borgarráði myndi hafa í för með sér ríflega 300% aukningu miðað við fjölda mála á sama tímabil á síðasta kjörtímabili. Meðalafgreiðslutími er að lengjast en fyrir hvert nýtt mál sem lagt er fram í borgarráði og er vísað til meðferðar eða umsagnar annarra ráða eða nefnda má gera ráð fyrir að lágmarki 30 mínútna mínútna umsýslu þ.e. uppsetningu málsins, skráningu, skjölun og afgreiðslu þ.m.t. ritun afgreiðslubrúefs. Unnt er að stytta þennan tíma og draga úr umsýslu og villuhættu með því að leggja fram mál í þeim ráðum þar sem mála flokkurinn er vistaður.

Í 46. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar er fjallað um verkefni borgarráðs. Þar kemur fram að borgarráð fer ásamt borgarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn Reykjavíkurborgar að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Borgarráð hefur eftirlit með stjórnsýslu borgarinnar og fjármálastjórn hennar, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur hana fyrir borgarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Í 63. gr. sömu samþykktar kemur fram að borgarstjórn kýs ráð (fastanefndir) til að fara með tiltekin mál eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um. Þetta eru mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð, menningar-, íþróttar- og tómstundaráð, skipulags- og samgönguráð, skóla- og frístundaráð, umhverfis- og heilbrigðisráð og velferðaráð sem fara með ákveðna mála flokka sem skilgreindir hafa verið í samþykktum í umboði borgarstjórnar.

Það hefur færst í aukana að fulltrúar í borgarráði leggi fram fyrirspurnir og tillögur á fundum borgarráðs sem eiga augljóslega heima í öðrum fastanefndum. Í því skyni að minnka álag á borgarráð, stytta afgreiðslutíma og draga úr villuhættu mun formaður borgarráðs ekki fallast á að taka tillögur og fyrirspurnir borgarráðsmanna inn í fundargerð borgarráðs sem varða málaflokka sem borgarstjórn hefur ákveðið í samþykktum sínum að heyri til annarra fastanefnda að undanskildum málum þeirra flokka sem ekki eiga fulltrúa í viðkomandi fagráði. Í þeim tilvikum verður lagt til að tillögum og fyrirspurnum verði vísað til fullnaðarafgreiðslu viðkomandi fagráðs og koma þau aftur á dagskrá borgarráðs og borgarstjórnar í fundargerð.

Virðingarfyllt

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
formaður borgarráðs